

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4,
101 Reykjavík.

Reykjavík 21. febrúar 2020

Efni: Umsögn um drög Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins að reglugerð um einangrun og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr.

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands hefur fundað og fjallað um drög Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins að reglugerð um einangrun og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr. Eins og þekkt er hefur félagið barist fyrir endurskoðun reglna um einangrun hunda um árabíl. Það er félaginu fagnaðarefni og afar mikilvægt og jákvætt skref sem stigið er með styttingu einangrunar úr fjórum vikum í 14 sólarhringa. Félagið hefur komið þeirri afstöðu á framfæri við ráðuneytið áður að það telji að ganga megi lengra. Þannig eigi að vera nægilegt að dýr sem flutt er inn frá Norður Evrópu hafi gæludýravegabréf. Eins að stytta megi einangrun dýra sem komi annarsstaðar frá enn meira eða niður í 10 sólarhringa eins og þekkist á Nýja Sjálandi og í Ástralíu. Það er félaginu því mikið hagsmunamál að sá tími sé ekki lengri. Þá er félaginu annt um að velferð dýranna sé tryggð á meðan á einangrun stendur. Aðbúnaður sé góður og þeir fái góða umönnun eins og hægt sé. Með þetta í huga vil stjórn félagsins koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. Einangrunarvistun dýra verði að hámarki 14 sólarhringar.

Gert er ráð fyrir að innritun geti staðið yfir í þrjá til fimm sólarhringa. Þetta er aukning um tvo sólarhringa frá gildandi reglugerð. Í 14. gr. draganna er við það miðað að dvalartíminn teljist frá komudegi dýra sem síðast eru innrituð. Þetta getur þýtt að dýr sem er innritað á fyrsta degi er í raun í einangrunarvistun í 18-19 sólarhringa. Félagið getur ekki séð nein rök að baki því að dvalartíminn miðist við komudag síðasta dýrsins. Ekki þegar ekki er grunur um alvarlegan smitsjúkdóm en við slíkar aðstæður er alltaf heimild til að framlengja dvöl dýrs eða dýra í einangrun.

Stjórn félagsins hefur sent ráðuneytinu tillögu um að sameina innflutningseftirlit og fyrstu heilbrigðisskoðun sem yrði þá framkvæmt um leið og dýrið kemur til landsins. Með því er ekki lengur þarft að hafa þriggja daga svigrúm fyrir einangrunarstöðvar að kalla til dýralækni stöðvarinnar til að framkvæma heilbrigðisskoðun. Innflutningseftirlitið yrði betra og meiri líkur á að vart verði við smitsjúkdóm sé um slíkt að ræða. Hagræðingin lýsir sér einnig í tímasparnaði, niðurstöður rannsókna berast fyrr og eins lægri kostnaði sem borinn er af innflytjendum. Að sama skapi opnast sá möguleiki að útskrifa hvern hund um leið og einangrunarvistun lýkur. Félagið fagnar því að í drögum reglugerðar er tekið fram að þegar grunur vaknar um alvarlegan smitsjúkdóm geti heimild um framlengingu dvalar átt einungis við viðkomandi dýr allt eftir eðli smitefnis. Með þessu er sett sú vísiregla að við beitingu úrræðisins eigi að gæta meðalhófs.

2. Velferð dýra í einangrun tryggð.

Stjórn telur drög að nýrri reglugerð feli í sér úrbót á eldri reglugerð og fagnar því. Þannig er nú í reglugerð vísað til reglugerðar um velferð gæludýra og því orðið samræmi milli þeirrar reglugerðar og draganna sem umsögnin lýtur að. Vill félagið í því samhengi sérstaklega nefna heimild um vistun tveggja dýra saman sem eru af sama heimili og kemur vel saman. Eins telur félagið jákvætt skref að skrá innflutta hunda í sameiginlegan gagnagrunn um örmerki.


Í þessum sama anda, með velferð dýranna að leiðarljósi vill stjórn félagsins hvetja til þess að innflytjendur fái heimild til að heimsækja dýrið í einangrun. Félagsmenn okkar hafa lengi vel spurt sig þeirrar spurningar hvers vegna ekki sé hægt að heimila heimsókn þeirra til dýranna. Á þetta sérstaklega við þegar dýr hefur átt heimili hjá innflytjendum eða þekkir vel til þeirra. Viðlíka heimild er í Nýja Sjálandi og Ástralíu. Að endingu og í þessu samhengi skal á það bent að í eldri reglugerð voru einangrunarstöðvar skyldaðar að upplýsa innflytjendur um ástand og líðan dýra. Þá skyldu er ekki að finna í núverandi drögum án sýnilegrar ástæðu.

3. Nauðsynlegt að Matvælastofnun gefi út góðar og ítarlegar leiðbeiningar um heimaeinangrun.

Félagið telur jákvætt að heimaeinangrun bjóðist þeim sem eiga hjálparhunda enda geti þeir þá notið aðstoðar heima fyrir að skilyrðum uppfylltum og eins raskast þjálfun dýrsins ekki af einangrunarvistinni. Í slíkum tilfellum eru ýmsar skyldur lagðar á innflytjendur. Þannig má sem dæmi nefna að innflytjandi þarf að tilnefna dýralækni og gera við hann samning. Stjórn félagsins telur brýnt að Matvælastofnun útbúi staðlað form að slíkum samningi og birti lista yfir alla þá sem stofnunin viðurkennir.

Að endingu vísar stjórn Hundaræktarfélags Íslands til umsagnar um drög að reglugerð um innflutning hunda og katta dagsettu 2. janúar 2020, síðari umsagnar dagsettri í dag sem og annarra bréfa sem send hafa verið fyrir hönd félagsins og varða málefnið. Skoðast umsagnirnar allar sem ein heild. Fulltrúar stjórnar lýsa sig reiðubúna að mæta á fund með ráðuneytinu og ítrekar að endingu mikilvægi samráðs um þessi mál.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar HRFÍ



Herdís Hallmarsdóttir, formaður.

